

# Ýmsar upplýsingar

**Leikskólinn Hulduheimar**

**Vættaborgir 11,**

**112 Reykjavík**

**Símanúmer: 411-3810**

*Netfang: [hulduheimar@reykjavik.is](mailto:hulduheimar@reykjavik.is)*



**Leikskólastjóri:**

Elín Rós Hansdóttir

s: 411-3811

**Aðstoðaleikskólastjóri:**

Inga Birna Sigurðardóttir

s: 411-3812

**Leikskólinn Hulduheimar** hóf starfsemi 11. nóvember 1997 og er fjögurra deilda leikskóli með 80 vistunarrými. Deildirnar heita Kardemommubær, Sjónarhóll, Álfhóll og Sólskinsbær.

**Breytingar á vistunartíma:** Allar breytingar á vistunartíma fara fram á Rafrænni Reykjavík [www.rafraenreykjavik.is](http://www.rafraenreykjavik.is). Uppsagnarfrestur á dvalarsamning er einn mánuður og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Skilið uppsögn og öðrum breytingum ávallt til leikskólastjóra.

**Greiðsluform:** Leikskólagjöld berast í heimabanka.

**Staðfesting á leyfi til að sækja barn í leikskólann:** Eingöngu þeir sem skráðir eru á leyfisblað mega sækja barnið. Viðkomandi þarf að vera á tólfta aldursári eða eldri.

**Miðgarður:** Miðgarður er þjónustumiðstöð Grafarvogsbúa. Þar er veitt félagsleg ráðgjöf, hegðunar- sálfræði- sérkennslu- og kennsluráðgjöf [www.midgardur.is](http://www.midgardur.is).

**Opnunartími leikskólans:** 07:30-16:30. Hægt er að velja vistunartíma frá 4 dvalarstundum og að hámarki 9 dvalarstundum á dag.

**Skipulagsdagar:** Sex skipulagsdagar eru á ári. Þrír eru á sama tíma og starfsdagar í grunnskólunum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Þrír dagar ert nýttir á haustönn og þrír á vorönn. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skipulagsdagar eru auglýstir á heimasíðu leikskólans, leikskóladagatali og í forstofu leikskólans.

**Sumarlokun** er 4 vikur og ber foreldrum að taka samfellt sumarfrí fyrir börn sín. Leikskólinn ákveður sumarlokun og leggur undir stjórn foreldraráðs. Foreldrar greiða ekki leikskólagjöld á meðan sumarlokun er.

**Fatnaður barna og aukaföt:** Hafið barnið ávallt vel útbúið fyrir hvern dag. Takið upp úr töskum og skiljið viðeigandi útiföt eftir í hólfinu. Vinsamlegast takið töskurnar með heim. Setjið aukaföt í kassa sem er fyrir ofan hvert hólf í fataklefa. Gott er að yfirfara fatnað daglega, taka óhrein föt með og bæta aukafötum í kassann eftir þörfum.

**Nauðsynlegt er að merkja allar flíkur og skófatnað** og biðjum við ykkur um að ganga snyrtilega um fataklefan.

**Foreldrasamvinna:** Mikilvægust eru dagleg samskipti, að þau séu eðlileg og ávallt með velferð barnsins í huga. Við leggjum áherslu á að vel sé tekið á móti börnum og foreldrum þegar þau koma í leikskólann. Foreldrar eiga að fylgja barni sínu alla leið inn á deild þar sem starfsmaður tekur á móti því. Það er mikilvægt að við kennum barninu í sameiningu að ganga vel um eigur sínar og leikskólans.

**Foreldrafundur** er árlega að hausti, þar sem kynnt er starfsáætlun næsta starfsárs, námsáætlanir deilda og fleira. Sjá nánar á skóladagatali.

**Foreldraviðtöl** eru tvisvar á ári þar sem farið er yfir líðan, alhliða þroska, sjálfstæði og framfarir barnanna og niðurstöður úr athugunum og mati metnar. Foreldrar fá senda einstaklingsnámskrá/áætlun heim til að fylla út fyrir foreldraviðtöl og er hún svo unnin miðað við aldur og þroska barnanna. Farið er yfir námskrár/áætlanir í næstu foreldraviðtölum og framfarir metnar. Viðtöl eru oftast ef þurfa þykir og ávallt er hægt að biðja um aukaviðtal.

**Ef taka þarf á óæskilegri hegðun eða einhverju öðru sem viðkemur barninu** er það alltaf gert í samráði við foreldra. Boðað er til viðtals og málin rædd og samræmd. Eftir 3-4 vikur er aftur boðað til viðtals og farið yfir málin. Viðtölin eru oftast þrjú en fleiri ef þurfa þykir eða þangað til hægt er að loka málinu.

**Foreldrakaffi:** Foreldrum er boðið í kaffi í kringum afmæli leikskólans 11. nóvember. Á bóndadag bjóðum við herrum í fjölskyldunni í morgun– eða síðdegishressingu og í kringum konudaginn bjóðum við dömum í fjölskyldunni í morgun– eða síðdegishressingu.

**Jólaverkstæði:** Í nóvember er foreldrum boðið að koma og fönndra með börnunum. Ýmiskonar skemmtilegt jólaföndur er í boði.

**Foreldravika** er á vorönn. Þá er áhersla lögð á að foreldrar komi, taki þátt og upplifi daglega starfið í leikskólanum með börnum sínum. Ömmur og afar eru að sjálfsgöðu líka velkomin.

Ef barn er fjarverandi eða mætir eftir kl. 09:00 biðjum við foreldra að láta vita fyrir kl. 09:00.

#### **Reglur varðandi veikindi barna:**

**Ælupest og niðurgangur:** Einn sólarhring heima eftir að þau eru búin að jafna sig. Handþvottur mikilvægur.

**Nóróveiran:** Tveir sólarhringar heima eftir að niðurgangur og uppköst eru hætt.

**Hiti og slappleiki:** Einn sólarhring heima eftir að réttum líkamshita er náð.

**Hlaupabóla:** Þegar allar bólur eru orðnar þurrar, ca. 5-10 dagar heima.

**Streptokokkar, hálsbólga, skarlatssótt:** Einn sólarhring heima eftir að lyfjagjöf er hafin.

**Hand, fót og munnsjúkdómur:** Heima þar til að útbrot eru horfin.

**Lús:** Barn getur mætt í leikskólann eftir að meðferð er lokið.

**Njálgur :** Barn getur mætt í leikskólann eftir að meðferð er lokið.

**Augnsýking:** Auga rautt, umgjörðin bólgin og gröftur, þá þarf meðhöndlun hjá lækni. Barn getur mætt eftir að meðferð er lokið.

Útivist barna er stór þáttur í starfi leikskóla og mikilvægt er að börnin taki þátt í henni. Ekkert bendir til þess að börn sýkist fremur í útilofti en innandyr. Gott er að hafa í huga og taka tillit til að þegar barn kemur í leikskólann eftir veikindi gæti það þurft styttri daga vegna hávaða og amsturs hversdagsins.

**Slysideild – heilsugæslustöð:** Ef barn meiðir sig eða slasast í leikskólanum er alltaf hringt í foreldra og staðan metin.

**Tannsllys:** Foreldrar leggja út fyrir kostnaði hjá tannlækni og fara með reikninginn í TR og fá endurgreitt að hluta til. Leikskólinn greiðir mismuninn. Koma þarf kvittunum frá tannlækni og TR til leikskólastjóra ásamt reikningsnúmeri og kennitölu.

**Ef um alvarlegri slys er að ræða eins og t.d. beinbrot og tannsllys er hægt að óska eftir lögregluskýrslu**

**Ef barn er með ofnæmi eða óþol þarf alltaf að skila læknisvottorði og endurnýja árlega að hausti.**

**Áfall í fjölskyldu:** Vinsamlegast látið deildarstjóra vita ef erfiðleikar eða áfall verður í fjölskyldu barnsins svo sem skilnaður, dauðsfall eða annað sem foreldrar telji að hafi áhrif á barnið. (sjá [www.hulduheimar.is](http://www.hulduheimar.is) - áfallaáætlun/viðbragðaáætlun)

**Afmælis dagar:** Ef foreldrar vilja þá má koma með ávexti, grænmeti, saltstangir og ídýfu. Ef barnið á systkini á annarri deild er því/þeim boðið að vera með. Ef börn eiga afmæli í sumarlokun/sumarfríi eða á frídögum þá er það samkomulag við deildarstjóra hvenær haldið er uppá afmælið.

**Boðskort/auglýsingar:** Það er regla hér að setja ekki boðskort í afmæli barns í hólf barnanna, né auglýsingar.

Heimasíða leikskólans er [www.hulduheimar.is](http://www.hulduheimar.is) og þar er m.a. að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um stefnu, markmið og viðburði leikskólans. Þar er myndasíða með myndum úr leikskólastarfinu og lykilorðið inn á myndasíðuna er: **Leikur.2019**

Leikskólinn er með Facebook síðu. Við biðjum alla foreldra að ganga í hópinn sem heitir: **Leikskólinn Hulduheimar Grafarvogi**.

**Völuappið:** Foreldrar eru hvattir til að sækja app þar sem hægt er að skrá fjarveru barna, senda skilaboð o.fl. Bæði er hægt að sækja appið í appel store og play store (goggle).

**Stefna skólans:** Í Hulduheimum er unnið í anda Reggio, sem kennd er við borgina Reggio Emilia á norður Ítalíu. Hugmyndafræði og uppeldissýn Hulduheima má sjá í skólanámskrá á heimasíðu leikskólans ([www.hulduheimar.is](http://www.hulduheimar.is)). Gott samstarf er við Borgaskóla sem er grunnskólinn í hverfinu og frístundaheimilið Hvergiland.

**Einkunnarorð leikskólans** eru “Virðing – Gleði – Vinátta” og ræktum við með okkur vináttu, gleði og samkennd í leik og starfi svo hver einstaklingur fái notið sín.

**Aðalmarkmið Hulduheima** er að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, öðlist jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu.

**Barn vikunnar** er verkefni sem unnið er með á öllum deildum leikskólans. Á hverri deild er eitt barn í sviðsljósinu í eina viku, þannig að allir fái að njóta sín. Barnið fær ýmis konar verkefni í vikunni og teknar eru myndir af barninu í leik og starfi. Myndirnar eru settar í ferilmöppu barnsins. Verkefnið er í stöðugri þróun og tekur mið af aldri og þroska barnanna.

**Ferilmöppur:** Foreldrar eru beðnir um að koma með í leikskólann **hvíta A-4 harðspjaldamöppu, fjögurra gata með 5 – 6 cm breiðum kjöl**. Í möppuna biðjum við foreldra að setja nokkrar **ljósmyndir af fjölskyldunni og öðru sem barninu er kært**. Ef eitthvað markvert gerist heima og í lífi barnsins má gjarnan bæta við myndum í ferilmöppuna. Vinsamlegast látið **20 stífa A-4 plastvasa** fylgja. Ferilmappan fylgir barninu í leikskólanum og er aðgengileg barninu og ykkur hvenær sem er. Kennarar leikskólans gera nokkrar skráningar yfir árið sem fara í möppu barnsins og óskum við eftir því að foreldrar taki þátt með því að vinna **skráningu á aðlögun barnsins og sumarleyfi**.

**Leikföng að heiman** eru ekki leyfð, þó er velkomið að koma með bók, geisladisk/CD eða spil. Einnig má koma með lítið tuskudýr til að hafa í hvíldinni ef það veitir barni öryggi og þá í samráði við starfsmenn.

**Leikfangadagur** er tvisvar á ári, þá mega börnin koma með leikfang að heiman. Annar dagurinn er strax eftir áramót og hinn er útileikfangadagur og er að vori í lok vetrarstarfs. Sjá dagsetningar á skóladagatali.

**Símanúmer: Leikskólastjóri: 411 3811.**

**Ef ná þarf í starfsmenn: 411 3810.**

**GSM númer deilda og beint símanúmer á deildar:**

**Kardemommubær: 626-8701 - 411 3813**

**Sjónarhóll: 626-8702 – 411 3814**

**Álfhóll: 626-8703 – 411 3815**

**Sólskinsbær: 626-8704 – 411 3816**

**Kennum barninu í sameiningu að ganga vel um eigin sínar og leikskólans**

*Öll börn eiga rétt á vernd og umönnun. Börn eiga rétt á vernd gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu (úr barnaverndarlögum)*

Ef grunur leikur á vanrækslu ber okkur skylda til að tilkynna það til barnaverndar en í flestum tilfellum er boðað er gert til viðtals við foreldra áður en það

